


Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar



Starfsáætlun Jörfa 2018-2019



Leiðarljós skóla og frístundasviðs:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.
Vera framsækið forystuafl í skóla- og frístundastarfi.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:	5
1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári	6
2 Um innra mat í leikskólum.....	7
2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra um starfið á síðasta ári	8
2.2 Innra mat deildarinnar <i>Hlíð</i>	8
2.3 Innra mat deildarinnar <i>Lundur</i>	10
2.4 Innra mat deildarinnar <i>Selið</i>	12
2.5 Innra mat deildarinnar <i>Holt</i>	14
2.6 Innra mat deildarinnar <i>Laut</i>	16
3 Ytra mat	18
4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári	19
5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.	21
5.1 Skipulagt starf	21
5.2 Fjölbreytt heimamenning og tungumál.....	21
5.3 Hvernig er samskiptum við foreldra háttað? (móttaka og aðlögun, upplýsingamiðlun)	22
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	22
6.1 Símenntun frá síðasta ári (námskeið, hvaða hópar sóttu námskeið og fl.)	22
6.2 Áætlun um símenntun í leikskólanum (áætlun um símenntun/fræðslu skal gera út frá áherslum úr umbótaáætlun, áherslum leikskólans og starfsþróunarsamtölum)	23
6.3 Önnur fræðsla (t.d. námsferðir, ráðstefnur, málþing).	23
7 Foreldrasamvinna	23
8 Samstarf leik- og grunnskóla	23
9 Skipulagsdagar.....	24
10 Fylgigögn.....	25
10.1 Matsgögn.....	25
10.2 Umsögn foreldraráðs.....	25

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, skipulag, leiðir að markmiðunum og hlutverk starfsfólks.
- Áætlun um hvernig markmiðin verða metin og hvernig og hvort þeim hefur verið náð.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megí hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Leiðarljós leikskólans:

Í Jörfa læra börnin og þroskast í gegnum leik, gleði og virðingu.

Leikur: Ein mikilvægasta náms- og þroskaleið barna er leikurinn. Náð þeirra fer fram í leiknum og er grunnur fyrir frekara nám. Þau læra að vinna saman og taka tillit til hvers annars. Þau leika á eigin forsendum og stjórna leikferlinu sjálf. Það er leikur að læra.

Gleði: Sá sem er glaðvær er öðrum gleðigjafi og léttir þeim lífið.

Gleði er inni í okkur öllum og sprettur af þeirri tilfinningu að finna gagnkvæma elsku og umhyggju annarra. Við erum glöð þegar við finnum að við getum og kunnum. Hlátur er hollur fyrir sálina og eflir glaðvæðina.

Virðing: Virðing felur í sér að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu. Sá sem hefur virðingu að leiðarljósi er sáttur við sjálfan sig, kemur vel fram við aðra, hlustar á þeirra sjónarmið og veit að þeir eru mikils virði.

1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári

Vorið 2017 fóru tveir kennarar á námskeið hjá Vöndu Sigurgeirsdóttur um einelti. Á því námskeiði kynntust þær verkefni frá Barnaheill um vináttu og höfðu mikinn áhuga á að fá verkefnið inn í Jörfa, þar sem Jörfi var að vinna með lífsleikni og tilfinningar. Tilfinningar verkefnið í Jörfa var komið til ára sinna og þurfti að fríska upp á það. Hafist var handa strax um vorið og voru kennarar sendir á vináttu námskeið hjá Barnaheill. Síðan kom hugmynd um að breyta hópastarfinu og hafa svokallaða hringekju og tengja vináttuverkefnið inn í hringekjuna.

Ákveðið var að hafa hópstjóra yfir hverju svæði og eru svæðin fjögur en þau eru jóga, hreyfing og tónlist, sköpun og vináttuverkefnið. Börnunum var skipt í hópa eftir aldri eða yngri og eldri hópar og fara börnin á milli svæða. Þetta verkefni var svo kynnt fyrir öllu starfsfólkinu á skipulagsdegi í september og kynnt fyrir foreldrum á foreldrafundi. Verkefnið gekk mjög vel í vetur og voru allir sáttir með það. Ákveðið var svo að hafa hringekjuna úti í apríl og september ár hvert.

Haustönnin einkenndist af því að við vorum með eina deild lokaða fram eftir hausti þar sem okkur vantaði sex starfsmenn þar af tvo deildarstjóra og aðstoðarleikskólastjóra sem var í veikindaleyfi. Ekki rættist úr þessum starfsmannamálum fyrr en í nóvember og fengum við þá starfsfólk inn sem ætlaði sér að vera í vetur og gátum því opnað deildina og tekið inn fleiri börn. Erfitt reyndist að fá inn hæft starfsfólk í allar stöður, sem ætlar sér að stoppa lengi og því er leikskólinn alltaf með tvær til þrjár stöður lausar að hausti.

Mikið tónlistarstarf var í vetur í Jörfa eins og alltaf. Við vorum í samstarfi við tónskóla Sigursveins vegna Barnamenningarhátíðar og voru lögin æfð vel í allan vetur áður en þau voru sungin í Hörpu á Barnamenningarhátíð. Öll börnin í leikskólanum lærðu lögin og ómuðu þau í söngstundum alla daga. Börnin voru líka dugleg að byggja úr einingakubbum og einnig þæfðu öll börnin veggteppi og gerðu listaverk úr leir enda við svo heppin að eiga leirbrennsluofn.

Við fengum til okkar góða gesti með fyrirlestra á skipulagsdögum fyrir starfsfólkið t.d um skapandi starf, núvitund og jákvæða sálfræði. Starfsfólk var einnig duglegt að sækja sér endurmenntun utan leikskóla.

Við vorum með okkar árlega ömmu og afa kaffi í október þar sem mættu líka harmonikkuleikarar og spiluðu fyrir gesti og gangandi og boðið var upp á kaffi og kleinur. Börnin fóru í margskonar ferðir í vetur t.a.m í Borgarleikhúsið, bókasafnið, endurvinnslustöð Sorpu, Árbæjarsafn, Húsdýragarðinn og fleira. Þriggja ára börn fóru einu sinni í mánuði í Hæðargarð og „afi“ las eða sagði þeim sögu sem vakti mikla lukku.


Við höldum áfram að vera í samstarfi við knattspyrnufélag Víking í vetur og fór alltaf einn hópur af meisturum frá Jörfa í hreyfingu einu sinni í viku í Víkina okkur að kostnaðarlausu.

Vetrarstarfinu lauk svo með opnu húsi í maí þar sem hluti af vinnu barnanna í vetur var til sýnis og það sýnir hversu starfsmannahópurinn í Jörfa er metnaðarfullur og áhugasamur.

2 Um innra mat í leikskólum

Í innra mati er gert mat á skólastarfi byggt á skólanámskrá leikskólans og eða áherslum leikskólans og SFS. Skoða þarf hvernig gengur að vinna að markmiðum leikskólans og tilgreina hvaða leiðir eru farnar til að ná fram þessum markmiðum og safna gögnum um framvinduna. Meta þarf sérstaklega nám og velferð barna, styrkleika þeirra og hæfni.

Hægt er að líkja matinu við hringlaga ferli þar sem gagnaöflun fer fram í starfinu. Gögn eru greind í samvinnu, lagt mat á þau og ákvarðað hvað skal gera í framhaldinu. Settar eru fram umbætur/matsáætlun sem byggja á niðurstöðum gagna líðandi starfsárs og vinna skipulögð út frá þeim niðurstöðum. Í umbótaráætlun eru settar fram hvaða leiðir þarf að fara til að ná þeim viðmiðum sem stefnt er að. Þannig fer þetta ferli hring eftir hring og stuðlar að bættu skólastarfi.



Gera skal matsáætlun/umbótaráætlun og gerið grein fyrir hvað þættir í leikskólastarfinu er áætlað að meta og/eða bæta. Hver deild/sérkennsla skilar matsáætlun út frá skólanámskrá leikskólans og markmiðum sem sett eru í upphafi skólaárs ásamt stuttri greinagerð deildarstjóra/sérkennslustjóra um hvað og af hverju matsþættirnir voru valdir fyrir starfsárið út frá niðurstöðum líðandi starfsárs (2017-2018).

2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra um starfið á síðasta ári

2.2 Innra mat deildarinnar *Hlíð*

Starfið í Hlíð 2017-2018 hefur gengið mjög vel í vetur, þrátt fyrir mikið álag og veikindi. Frábær barnahópur, ánægðir og frábærir foreldrar. Gott samstarf og samvinna innan deildar og við foreldra. Í vor tókum við 25. barnið inn á deildina vegna þrýstings á leikskólann að tæma biðlista og fylla upp í laus pláss.

Það sem unnið var með á Hlíð frá september 2017 til lok apríl 2018 verður einnig unnið með áfram 2018-2019.

Við byrjuðum að vinna með vináttuverkefni Barnaheilla sem er forvörn gegn einelti. Samverustundir voru þrisvar sinnum á dag og það sem við gerðum var m.a að ræða um vináttu, lásam vinasögur og hvernig við komum fram við vini okkar og sömdum vinareglur. Við notuðum litla bangsann (Blæ) í samverustundum og ef einhverjum leið ekki vel fékk barnið Blæ til þess að hafa hjá sér. Við Lásam framhaldssögur og vorum með fuglafræðslu. Áhersla var lögð á að efla kjark og þor, segja frá, syngja o.fl.

Umsjónarmenn buðu til borðs, buðu ávexti og voru veðurfræðingar þar sem við notum ólík orð yfir veðrið. Börnin fóru heim með bangsa yfir helgi og sögðu frá hvað þau gerðu með honum. Börnin fengu að vera bókaormur einu sinni og fengu þá að koma með bók sem var lesin fyrir alla í samveru. Tónlist var mikið notuð t.d söngur, hlustun, hljóðfæri og dans. Við leggjum áherslu á að börnunum líði vel í leikskólanum. Við leggjum mikla áherslu á leikinn og að hann hæfi þroska barnsins. Mikið er unnið með eininga- og kaplakubba á Hlíð.

Frá september til lok apríl vorum við með hópastarf (hringekja). Í eldri hópnum var börnunum blandað saman af báðum eldri deildum og deilt niður í fjóra hópa. Hringekja var tvisvar sinnum í viku. Í vetur fórum við á miðvikudögum í Víkina í íþróttatíma. Þar tók íþróttakennari á móti börnunum og fór með þeim í stöðvavinnu og leiki.

Meistarastundir (elsti árgangur): Fyrir áramót var farið í heimsóknir á söfn, í leikhús og aðra áhugaverða staði. Eftir áramót var lögð áhersla á að undirbúa börnin fyrir grunnskólagöngu þeirra.

Í vor, eftir að skipulagt starf vetrarins lauk höfum við farið í gönguferðir og strætóferðir.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Vináttu- verkefnið	Að temja okkur notkun á verkfærum úr vináttuverkefninu .	Að nota bangsana og spjöldin meira.	Sept.- maí	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn á deildinni.	Maí – könnun og safna gögnum	Að börnin noti bangsana meira, tileinki sér hjálpsemi og samkend.
Útinám	Að börnin kynnist nær umhverfi sinu.	Kynnast hverfinu og náttúrunni.	Sept.-maí	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn á deildinni	Maí- könnun og safna upplýsingum	Efla útileikinn og virðingu við náttúrunna.
Lubbi finnur málbein	Að börnin þekki og læri hljóð stafanna.	Nota bókina Lubbi finnur málbein,	Sept.- maí	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn á deildinni.	Maí- könnun	Að kynna stafina fyrir börnunum.
Rím og verkefni sem styrkja hlustun	Þjálfá einbeitingu hlustun og almenna málvitund.	Notast við verkefni.	Sept.- maí	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn á deildinni.	Maí- könnun	Efla orðaforða og málvitund.

Beata Senska, deildarstjóri Hlíðar.

2.3 Innra mat deildarinnar *Lundur*

Undirrituð tók ekki við deildarstjórstöðu á deildinni fyrr en í lok nóvember 2017, en hefur verið fastur starfsmaður á deildinni síðastliðin 2 ár. Frá desember 2017 hafa verið mikil og ör mannaskipti á deildinni. Við höfum fengið fólk sem hefur stoppað í mislangan tíma, allt frá 3 dögum upp í einhverja mánuði. Í vor tókum við svo inn 25. barnið á deildina vegna þrýstings á leikskólann að tæma biðlista og fylla upp í laus pláss. Við höfum gert okkar allra besta og náð að fylgja starfsáætlun vel þó alltaf megi betur gera.

Síðastliðið haust gekk leikskólinn Jörfi til liðs við vináttuverkefni barnaheilla – forvarnir gegn einelti. Haustið fór í að temja sér notkun hjálpartækjanna sem verkefnið býður uppá, s.s. Blær bangsi, umræðuspjöldin og litlu bangsana sem eru í eigu barnanna. Einnig var sniðinu á hópastarfinu breytt þar sem við feldum út skipulagt hópastarf á deild og tókum upp svokallaða hringekju. Börnum í leikskólanum var skipt í yngri og eldri hópa og fékk hvor um sig tvo daga í viku í hringekjunni. Í eldri hópnum var börnum blandað saman af báðum eldri deildum leikskólans og deilt niður í 4 hópa. Börnin blönduðust vel og fannst gaman að hitta önnur börn sem þau eru ekki í dags daglegum samskiptum við. Í hringekjunni vorum við með 4 vinnustöðvar sem voru listastarf, tónlist og hreyfing, jóga og vinátta. Yfir hverju svæði er einn skipaður hópstjóri og svo er fastur starfsmaður sem fylgir barna hópnum. Í apríl var hringekjan starfrækt utandyra við mikinn fögnuð og var ákveðið að hringekjan verði einnig úti í september.

Í vetur höfum við verið með einn bókaorm í viku. Þá fær hvert barn að koma með vel valda bók að heiman í leikskólann, þar sem bókin er lesin og barnið fær að sýna myndirnar og sitja við hlið kennarans.

Við erum með þrjár samverustundir yfir daginn þar sem við erum með skipulagt starf sem skiptist á að vera t.d. lesin bók, hlustað á sögu, söngur og samræður. Við reynum að hafa 1 samverustund yfir daginn þar sem við nýtum okkur samræðurnar og eflum börnin í að standa upp og segja frá eða fara í stutta leiki sem efla rím, hljóðvitum og framkomu.

Frá janúar höfum við verið að fræðast um fugla á Íslandi og lifnaðarhætti þeirra. Við tókum fyrir 1- 2 bókstafi á viku og æfðum okkur í hljóðinu sem hann gefur frá sér og börnin fengu öll tækifæri til að reyna að finna orð með stafnum í upphafi. Við höfum einnig verið dugleg að grípa umræðuefni og pælingar barnanna og leita upplýsinga og svara fyrir börnin. Við erum með efnivið til föndurs og hugmyndavinnu í aðgengilegum hirslum svo börnin geti sjálf gengið í hann og fundið hvað hentar þeim hverju sinni.

Við leggjum áherslu á læsi og tilfinningar. Við vöndum okkur hvernig við tölum við og um hvert annað. Við tölum mikið um tilfinningar okkar og líðan. Í vetur höfum við mikið rætt um hvernig við

getum sett okkur í spor annarra og að allir hafi rétt á því að vera eins og þeir eru óháð fjölskyldumynstri, litarhætti eða kyni.

Við erum alltaf með einingakubba í vali og eru börnin komin með mjög þróaðan leik þar. Það sem háir okkur í einingakubbaleiknum er plássleysi. Við höfum sjaldan tækifæri til að leyfa byggingunum að standa til að börnin geti þróað leikinn enn frekar.

Í vetur fórum við alltaf á miðvikudögum í Víkina í íþróttatíma. Þar tók íþróttakennari á móti börnunum og fór með þeim ýmist í stöðvavinnu eða leiki.

Í leikskólanum er öflugt starf með elsta árgangi skólans eða svokölluðum meisturum. Þá er allur elsti árgangurinn saman af báðum deildum. Fyrir áramót er farið í margar heimsóknir s.s á söfn, leikhús og aðra áhugaverða staði. Eftir áramót höfum við gefið okkur góðan tíma til að spá í komandi vetri þar sem börnin takast á við sitt fyrsta ár í grunnskóla. Við heimsæjum skólann og frístundina. Auk þess sem mikið er um vetfangsferðir og vinnu í leikskólanum í tengslum við þær ferðir.

Núna í vor/sumar eftir að skipulagt starf leikskólans fór í sumarfrí höfum við verið mjög dugleg að fara í gönguferðir og strætó ferðir. Við erum að kynna börnin fyrir sínu nær umhverfi og hvað náttúran hefur uppá að bjóða.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Eininga- kubbar	Að auka notkun á einingakubbum	Setja á lagnirnar markvissari einingakubba stundir	Sept. - maí	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn á deildinni	Maí – könnun	Að börnin geti byggt byggingar og fengið auka efnivið, látið standa og haldið áfram í leiknum síðar

Vináttu- verkefnið	Að temja okkur notkun á verkfærum úr vináttuverkefnin u.	Að nota bangsana og spjöldin meira	Sept. – maí	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn á deildinni	Maí – Könnun og safna gögnum	Að börnin noti bangsana meira, tileinki sér hjálpsemi og samkend
Útinám	Að börnin kynnist nær umhverfi sínu og notast við það sem náttúran hefur uppi að bjóða	Auka tækifæri og aðgengi barnana til að vinna með og kynnast náttúrulegum efnivið	Sept. – maí	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn á deildinni	Maí könnun og safna upplýsingum	Efla útileikinn og virðingu við náttúrunna

Linda Hrönn deildarstjóri Lundar

2.4 Innra mat deildarinnar Selið

Á síðasta starfsári voru 16 börn í Seli ásamt þremur starfsmönnum. Tveir nýir starfsmenn hófu störf á deildinni þ.m.t nýr deildarstjóri. 13 börn færðust frá yngri deildum yfir á Selið og var því á fyrstu mánuðum vetrarins lögð áhersla á samskipti og traust. Sjálfstæði og sjálfshjálp var stór þáttur í námi barnanna (færni í klæða sig úr og í, skammta sér sjálf í matartíma og salerni). Nokkur barnanna voru enn með bleiu þegar þau færðust yfir í Selið og gerði það erfitt fyrir að engin skiptiaðstaða er þar. Klósett þjálfun gekk vel og voru börnin orðin bleiulaus í nóvember.

Í Seli var lögð áhersla á læsi og samskipti. Lesið var daglega fyrir börnin. Bókaormur dagsins var valinn sem fékk að koma með bók að heiman sem lesin var í samverustund. Börnin voru dugleg að læra vísur og þulur yfir veturinn. Öll börnin skiptust á að vera veðurfræðingur yfir veturinn og fékk veðurfræðingur það hlutverk að segja hinum börnunum frá veðurfari og hverju þau ættu að klæðast í útiveru. Áhersla var lögð á hlustun og að börnin sýni hvert öðru virðingu með því að hlusta og gefa öðrum orðið. Til þess notuðum við kubb og það barn sem var með kubbin var með orðið og fékk þar með óskipta athygli. Þetta fyrirkomulag tileinkuðu börnin sér og var mikið notað í samverustundum þegar börnin vildu leggja eitthvað til málanna. Við fengum bókakistu að láni frá Kringlubókasafni sem vakti mikla gleði hjá börnunum. Börnin gátu fengið bók til heimláns sem öll börn nýttu sér. Einnig fórum við í heimsókn á Kringlubókasafn þar sem bókavörður tók á móti okkur þar sem við fengum að

skoða okkur um og bókavörður las sögu fyrir okkur. Í samveru var markvisst farið í rímleiki, atkvæði í nöfnum og orðum klöppuð ásamt því að kynnt var fyrir börnunum málhljóð vikunnar og var notast við bókina *Lubbi finnur málbein*. Einnig var unnið með grunntilfinningarnar reiði, gleði depurð, ólíkar fjölskyldur og að við erum öll sérstök á hver sinn hátt.

Vináttuverkefni Barnaheilla skipaði stóran sess í starfi vetrarins og tengdist öllum námssviðum leikskólans. Skipulagðar vináttustundir voru í hverri viku bæði í hádegi og í hringekju þar sem börnin unnu ýmis verkefni í tengslum við vináttu. Lesnar voru sögur ásamt því að boðið var upp á nudd og slökun. Börnin fóru í hringekju tvisvar sinnum í viku. Í hringekju var boðið upp á fjórar vinnustöðvar. Unnið var með tónlist og hreyfingu, listsköpun, jóga og vináttu. Í vetrarlok færðum við okkur út með hringekjuna og unnum ýmis verkefni úti í náttúrunni. Hringekjan gekk mjög vel og voru börn og starfsfólk ánægð í vetrarlok samkvæmt endurmati.

Unnið var með opinn efnivið í öllu starfi. Byggingarleikir voru vinsælir ásamt hlutverkaleikjum.

Einingakubbar voru ekki mikið notaðir í starfinu sem er miður. Leirinn var vinsæll hjá börnunum og var alltaf í boði. Einnig var gott aðgengi að litum, skriffærum, blöðum, lími og skærum sem börnin nýttu sér óspart.

Farið var í vettvangsferðir um nágrennið. Við heimsóttum aðra leikskóla og leikvelli í nágrenninu. Í vor fórum við á námskeið í Húsdýragarðinum þar sem við fengum fræðslu um íslensku húsdýrin. Börnin fóru einu sinni í mánuði í litlum hópum í sögustund til afa í Hæðargarði þar sem vel var tekið á móti þeim. Í lok annar þá var unnið könnunarverkefni um ánamaðka sem öll börnin sýndu mikinn áhuga. Lesnar voru sögur og fræðsluefni um ánamaðka, börnin fóru út og leituðu af ánamöðkum og rannsökuðu í litlum hópum. Börnin teiknuðu að lokum myndir sem fara í ferilmöppu þeirra ásamt skráningu frá verkefninu.

Það sem mætti betur fara er fjöldi barna í rými. Mikill hávaði myndaðist oft í leik barnanna sem gat truflað vinnu barnanna. Fataklefi er allt of lítill fyrir þennan fjölda og þurfti mikið skipulag þegar börnin voru að klæða sig fyrir útiveru. Vinna má fleiri könnunarverkefni yfir önnina.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýni hópur, safna	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu

					gögnum)	vel tókst að ná markmiði.
Eininga kubbar	Öll börn fara í einingakubba einu sinni í viku	Setja inn í dagskipulag	September til Maí	Ósk Anna deildarstjóri	Starfsmenn deildar meta í desember	Að börnin læri að umgangast kubbana. Nái 4 stigi.
Rannsóknar Vinna um vatnið	Fræðsla, lýðræði, vinna með námsvið leikskólans	Setja inn í dagskipulag	September til desember	Sigrún Ósk Anna	Desember	Börnin læri og eru virkir þátttakendur í náminu.
Samskipti starfsmenn	Vellíðan starfsmanna jákvætt starfsumhverfi fyrir alla.	Deildarfundir 2 x í mánuði Valdefla starfsfólk Starfsfólk vel upplýst	Desember til maí	Ósk Anna Elín Björk	Desember	Börnunum líður vel í leikskólanum Minni starfsmannavelta.

Ósk Anna Gísladóttir deildarstjóri í Seli

2.5 Innra mat deildarinnar Holt

Unnið var eftir starfsáætlun og dagskipulagi. Þema á yngri deildum leikskólans var og er alltaf *Ég sjálf/ur og fjölskyldan mín* og eru verkefni unnin út frá því. Við ræddum saman um okkur sjálf, líkamshlutana, áhugamál og fjölskyldur. Börnin teiknuðu myndir af sjálfu sér, húsið sitt, fjölskyldur og leikskólann. Börnin kynntust ýmsum efnivið svo sem mismunandi málningu, litum og fleiru sem unnið var með í skapandi starfi.

Við höfum verið að vinna með vináttuverkefni Barnaheilla, sem er forvarnarverkefni gegn einelti.

Það var mikið lagt upp úr því að vera vinir og að leika saman, skiptast á með leikföngin og hjálpa hvort öðru. Umræða um vináttu var mikil í vetur og að allir eigi að vera góðir við hvort við annað. Börnin hafa lært að allir eiga að vera vinir.

Við höfum notað mikið tákn með tali og börnin fengu sitt eigið nafnatákn og lærðu einföld tákn í daglegu starfi. Við notum tákn mikið í samverustundum og í matartímanum.

Málvörvun fer fram öllu daglegu starfi frá upphafi dagsins til enda. Orð eru lögð á hluti og athafnir og lögð er áhersla á skýr fyrirmæli, hvatningu og hrós. Börnin lærðu að fara á mismunandi svæði innan leikskólans eins og í listaskála, íþróttasal, kubbasvæði, dúkkusvæðið og sameiginlega söngstund í sal. Salurinn var mikið notaður og farið var út að lágmarki einu sinni á dag.

Í vetur var hringekja í staðinn fyrir hópastarfið á deildum og var hringekjan tvisvar í viku sem endaði með útinámi í apríl og gekk mjög vel.

Um vorið var farið út fyrir garðinn til að upplifa annað umhverfi. Það var mikið dansað, leikið og sungið alls konar hreyfisöngvar voru í uppáhaldi.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Aðgengi að efnivið	Börnin geti sjálf nalgast og valið sér efnivið fyrir sköpun	Hafa efniviðinn aðgengilegri fyrir börnin	September - Júní	Deildarstjóri og allir starfsmen í deild	Umræðu milli starfsfólks deildanna, á deildarstjóra fundum	
Betri stað fyrir bangsana svo þeir séu aðgengileg ri fyrir	Börnin geti sjálf nalgast vináttubangsana	Færa bangsa og festa betur	September - Júní	Deildarstjóri og allir starfsmen í deild	Meta á deildarfundi.	

börnin.						
Vorum ekki mjög duglegir að nota einingakubba.	Að börnin fari reglulega í kubbana.	Við verðum að setja í skipulagt starf	September - Júní	Deildarstjóri og allir starfsmen í deild	Í umræðu milli starfsfólks deildanna, á deildarstjórafundum	

Lidija deildarstjóri á Holti

2.6 Innra mat deildarinnar Laut

Haustið 2017 byrjaði hægt vegna manneklu og voru tvær yngir deildarnar starfræktar saman, sem eftir á að hyggja var ekki rétt. Þegar deildirnar voru síðan aðskildar í lok nóvember, byrjun desember var loks hægt að aðlaga síðustu börnin í byrjun desember og því einkenndist starfið af svolitlu rótleysi til að byrja með. Frá desember hafa börnin á Laut verið 18 á aldrinum tveggja – fjögurra ára, ásamt fjórum kennurum og verður að viðurkennast að það hefur oft verið ansi þröngt á okkur og plássíð sem börnin hafa til leiks ekki nægjanlegt.

Við höfum verið að vinna eftir dagskipulagi og öðrum áætlunum sem leikskólinn vinnur eftir. Starfið inni á deild gekk nokkuð vel, við reynum að læra mest í gegnum leik. Að þau læri að leika saman hvort sem það er í hóp, tvö og tvö eða í samhliða leik. Að læra að deila leikföngum og bera virðingu fyrir hvort öðru og nær umhverfi sínu. Einnig leggjum við mikið upp úr sjálfshjálp, að maður læri að hjálpa sér svolítið sjálfur. Í vetur hafa börnin farið einu sinni í viku heim með bókaorm og koma þá með eina bók að heiman sem er lesin í samverustund fyrir öll börnin og eru þau orðin mjög dugleg að hlusta. Í vetur vorum við að prufa okkur áfram með hringekju í stað skipulags hópastarfs á deildum. Það gekk rosalega vel og hefur verið mjög gaman að vinna með bæði fyrir börn og starfsfólk. Verkefnin voru skemmtileg og fjölbreytt ásamt því sem börnin voru að kynna börnum af öðrum deildum og kennurum. Í hringekjunni var unnið í fjórum hópum þar sem einn hópstjóri var yfir hverju verkefni, listsköpun, tónlist og hreyfing, jóga og vinátta og var skipt í eldri og yngir. Í lok vorannar færðum við okkur út og vorum með útinám í þessum fögum. Það var mjög skemmtilegt og hefur verið ákveðið að gera það aftur á næsta skólaári og bæta þá við að fara út í byrjun haustannar einnig.

Í vetur tókum við líka inn vináttuverkefni Barnaheillar og höfum við verið með það fast í hringekju tvisvar sinnum í viku, einnig höfum við reynt að tvinna það inn í daglega starfið okkar inni á deild. Okkur hefur gengið hálf illa að koma því inn í starfið okkar þar og þurfum við að finna leiðir til að það verði okkur tamara að nota það. Einnig erum við að bíða eftir tösku sem er ætluð yngri börnum, það eru börn á aldrinum 0 – 3ja ára. Sú taska er væntanleg haustið 2018. Með henni reynist okkur vonandi auðveldara að koma þessu inn í daglega starfið okkar ásamt því að fara að nota bangsana sem fylgja verkefninu meira.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Eininga- kubbar	Að auka notkun á einingakubbum	Að setja það inn í skipulag þannig að hvert barn fari í kubbana 1x í viku	Sept. - maí	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn á deildinni	Maí – könnun	Að þau kunni fara með kubbana og hafi farið að minnstakosti 1x í viku
Vináttu- verkefnið	Að vinátta verði okkur eðlisleg og að börnin geti hjálpað hvert öðru	Að nota bangsana meira, að hvetja börnin til að hjálpa hvert öðru og hugga ef eitthvað kemur upp á	Sept. – maí	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn á deildinni	Maí – Könnun og safna gögnum	Að börnin noti bangsana meira og að þau sýni hvert öðru samúð

Eyrún Inga deildarstjóri Laut

3 Ytra mat

Gert var mat á leikskólastarfinu á vegum SFS í janúar 2018 og átján starfsmenn svöruðu könnuninni. Starfsfólk svöruðu spurningalista sem sendur var rafrænt á alla starfsmenn leikskólans. Tilgangur matsins var að meta líðan, starfsánægju, starfspróun, upplýsingastreymi, stjórnun leikskólans ásamt fleiri þáttum. Matið kom vel út í flestum þáttum og t.d hefur starfsánægja aukist, ekkert einelti mældist en þó virðist örlítið áreiti í orðum vera til staðar. Mikið hefur dregið úr veikindum starfsmanna í vetur og kannski er það að þakka góðum starfsanda að fólki líður betur í vinnunni.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Áreiti í orðum	Engin áreiti meðal starfsmanna	Allir vanda sig í samskiptum	September 2018	Allir starfsmenn	Könnun frá SFS	Ekkert áreiti í orðum í næstu könnun
Frumkvæði í starfi	Að starfsfólk sýni frumkvæði	Að fólk fái tækifæri til að sýna frumkvæði	September 2018	Stjórnendur og deildarstjórar	Könnun frá SFS og starfspróuna rsamtölum	Allir starfsmenn sýni frumkvæði í starfi

4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári

Sérkennsla í leikskólanum Jörfa

Í leikskólanum Jörfa starfa tveir sérkennslustjórar, einn í 75% starfshlutfalli og annar í 25% starfshlutfalli. Einn starfsmaður sinnir stuðningi fyrir barn í 1. flokki.

Í leikskólanum Jörfa njóta tíu börn sérkennslu en sérkennslustjórar sinna sérkennslu - og stuðningi. Sérkennslustjóri starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, lögum um málefni fatlaðra, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá leikskóla og stefnu viðkomandi sveitarfélags.

Áætlun er gerð fyrir þau börn sem eru í markvissri þjálfun með ráðgjöf frá sérkennsluráðgjöfum frá þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, einnig vinna sérkennslustjórar náið með þeim talmeinafræðingum sem sinna talþjálfun. Leikskólinn Jörfi starfar eftir hugmyndafræðinni um snemmtæka íhlutun í þeim tilgangi að hafa áhrif á þroskaframvindu barna. Sérkennslustjóri fylgist með barni og ákveður hvort það sé ástæða til að grípa inn í en það er gert í samstarfi við deildarstjóra.

Tvær þjálfunarleiðir hafa verið notaðar í sérkennslu í Jörfa, TEACCH (skipulögð kennsla) og atferlisþjálfun (bein kennsla). Skipulögð kennsla felur í sér: Ytra skipulag, daglegt skipulag, stundaská, skipulagt vinnukerfi, endurtekningu og sjónrænar vísbendingar. Markmið atferlisþjálfunar sem unnið er að dags daglega, eru skilgreind fyrir hvert barn í samvinnu við foreldra, horft er til þarfa barnsins með hliðsjón af því sem jafnaldrar eru að gera, einnig er tekið mið af styrkleikum þess, áhugasviði og óskum foreldra.

Sérkennslan í Jörfa styðst við niðurstöður úr AEPS, færnimiðað mat til að útbúa einstaklingsáætlanir. Við byggjum einstaklingsáætlanir á eftirfarandi þáttum: kynni okkar af barninu, niðurstöður frumgreiningar, niðurstöður frá fagaðilum, niðurstöður frá PHS og GRR og niðurstöðum úr málproskamati frá talmeinafræðingum. Listar eru útfylltir af sérkennslustjórum, deildarstjóra og foreldrum. Við skoðum það sem við ætlum að kenna og getum kennt, horfum á byrjendagetu barnsins og vinnum út frá styrkleika barnsins. Tilgangur einstaklingsáætlunar er að efla samstarf foreldra og starfsfólks, efla og styðja foreldra í uppeldishlutverkinu, við berum barnið saman við sjálft sig en ekki við önnur börn og fáum góða mynd af styrkleikum barnsins. AEPS, færnimiðað mat er vinnutæki sem nýtist okkur í vinnslu einstaklingsáætlana og að skipuleggja snemmtæka íhlutun. Endurmat einstaklingsáætlana í heild sinni fer fram á 6 mánaða fresti og markmið á 6 vikna fresti. Einnig eru búin til markmið og áætlun fyrir þau börn sem þarfnast þjálfunar í máltjáningu og málsskilningi. Endurmat fer fram eftir þörfum hvers og eins.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Stefnt er að því að ná þeim markmiðum sem sett eru upp með í byrjun.	Með því að setja upp raunhæf markmið í samræmi við einstaklingsáætlun.	Í upphafi skólaárs, markmið eru svo endurmetin eftir þörfum.	Ábyrgðarmaður sérkennslu ber ábyrgð.	Stuðst er við AEPS, færnimiðað mat og ABA-skráningarlist ann. Endurmat á 6 mánaða fresti og markmið á 6 vikna fresti.	Stuðst er við skráningar og endurmat úr AEPS, færnimiðað mat þar sem árangur er mældur miðað við skráningar og sett upp sjónrænt.

Sérkennslustjórar sækja handleiðslufundi 1x í mánuði á þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis sem sálfræðingur og sérkennsluráðgjafi leiða. Einnig hafa sérkennslustjórar haft tækifæri á því að sækja námskeið og fagfundi sem styrkja sérkennsluna. Teymisfundir eru haldnir reglulega, allajafna á 6-8 vikna fresti. Teymi hvers barns samanstendur af foreldrum, sérkennsluráðgjafa, sjúkra- og eða iðjupjálfa, sérkennslustjóra, stuðningsaðila í leikskóla og deildarstjóra. Sérkennslan í Jörfa hefur sótt ráðgjöf frá þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis og Greiningar og ráðgjafarstöð ríkisins. Ráðgjöf hefur aðallega falið í sér hegðunarráðgjöf, handleiðslu, ráðgjöf varðandi þjálfunarleiðir, matarþjálfun, einstaklingsáætlanir hvað varðar uppbyggingu og innihaldi.

Sérkennslustjórar sinna ráðgjöf til starfsmanna á deildum þegar þess þarf, vinna í traustu og góðu samstarfi í íhlutun, sækja sér fræðslu sem gæti nýst í kennslu og þjálfun inn á deild og styður

starfsfólk í þeirri vinnu. Gott samstarf er grunnur að trausti á milli starfsfólks og foreldra sem á endanum skilar sér til nemanda.

5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Hulda Guðrún Kristjánsdóttir sérkennslustjóri hefur verið tengiliður fjölmeningar í leikskólanum Jörfa en nú hefur Elín Björk Einarsdóttir aðstoðarleikskólustjóri tekið við því og er búið að skrá það hjá Fríðu Bjarney.

Við nýttum fjármagnið sem leikskólanum var úthlutað til að kaupa spjaldtölvur inn á deildir til að vinna markvissara með orðaforða og í launakostnað.

5.1 Skipulagt starf

Fræðsla og ráðgjöf til starfsfólks

Tengiliður fer á fræðslufundi sem haldnir eru um fjölmeningu í leikskólum og ber þær upplýsingar áfram til starfsfólks leikskólans. Til stendur að fá Fríðu Bjarney Jónsdóttur verkefnisstjóra fjölmeningar í leikskóla, til að koma með fræðslu og ráðgjöf fyrir allt starfsfólk leikskólans Jörfa. Einnig stendur til að innleiða námsefnið Lubbi finnur málbein en það hefur nýst börnum með annað tungumál en íslensku vel.

5.2 Fjölbreytt heimamenning og tungumál

Einu sinni á ári er haldin fjölmeningarvika í leikskólanum Jörfa sem felur í sér lestur erlendra bóka sem börnin koma með að heiman, lög frá mismunandi löndum eru kennd og sungin, börnin eru frædd um bakgrunn þeirra barna sem hafa annað tungumál en íslensku.

Samskipti og virka þátttöku í fjölbreyttum barnahóp

Börn með annað tungumál en íslensku taka virkan þátt í daglegu starfi í leikskólanum.

Markviss vinna með daglegan orðaforða

Vinna með grunnorðaforða fer fram í barnahópnum, í gegnum leik, við matarborðið, í samverustund, í skipulögðu starfi og í útiveru.

Hvernig er orðforði dýpkaður, með hvaða aðferðum

Orðaforði er dýpkaður með því að auka skilning á þemaverkefnum, eins og t. d. þegar kafað er dýpra í efnið sjálft.

Hvaða leiðir eru farnar til að fylgjast með framförum barna

Starfsfólk fylgist vel með barninu inn í barnahópnum hvað varðar félagslegu tengslin, máltjáningu og málsskilning. Deildarstjóri gerir TRASH-skáningu fyrir öll börn en þar er hægt að sjá hvar barnið er stött í málþroska og hvaða áherslur þarf að vinna markvisst með.

5.3 Hvernig er samskiptum við foreldra háttað? (móttaka og aðlögun, upplýsingamiðlun)

Foreldrum eru boðnir á fund með leikskólastjóra og túlk, ef þess er óskað áður en barnið byrjar í leikskólanum. Á þeim fundi kynnir leikskólastjóri fyrir foreldrum leikskólann og foreldrar skrifa nauðsynlegar upplýsingar um barnið og fjölskyldu. Þátttökuaðlögun er í Jörfa, þar sem foreldrar eru með börnunum fyrstu þrjá dagana, en meta þarf hvern einstakling fyrir sig hvort að barnið þurfi lengri aðlögun.

Dagleg samskipti eru mikilvæg og upplýsingar eru einfaldaðar sem fara til foreldra erlendra barna þannig að þær komast til skila. Túlkur kemur á fundi og í foreldraviðtöl.

Samræða um mál og læsi, nám og þroska, stuðningur við móðurmál og íslensku. Þessir þættir eru ræddir í foreldraviðtölum, á fundum eða í daglegum samskiptum. Þetta fer algjörlega eftir þörfum hvers og eins.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Leikskólastjóri tók starfsþróunarsamtöl við allt starfsfólk leikskólans á tímabilinu janúar – mars 2018. Viðtölin voru boðuð með fyrirvara og fóru fram á skrifstofu leikskólastjóra. Áhersla var lögð á að ræða líðan starfsmanns í starfi, starfsandann, vinnuumhverfið, verkefni, starfsþróun og hvort starfsmaður vill gera breytingar innan veggja leikskólans. Flest allir starfsmenn virðast vera ánægðir í starfi og með starfsandan en flestir voru sammála því að mikið álag hefði verið vegna manneklu og erfiðlega gekk að ráða inn gott starfsfólk.

6.1 Símenntun frá síðasta ári (námskeið, hvaða hópar sóttu námskeið og fl.)

- ✓ Flestir starfsmenn fóru á vináttunámskeið hjá Barnaheill sem var einn dagur.
- ✓ Sérkennslustjórar fóru á AEPS námskeið á vegum Greiningar-og ráðgjafaarstöð ríkisins.
- ✓ Tveir deildarstjórar fóru á TRAS námskeið
- ✓ Leikskólastjóri og einn deildarstjóri fóru á námskeið um innra mat í leikskóla
- ✓ Leikskólastjóri fór á námskeið fyrir stjórnendur um streitu.
- ✓ Allir starfsmenn fengu fyrirlestur um núvitund og jákvæða sálfræði.
- ✓ Allir starfsmenn fengu fyrirlestur um listsköpun.
- ✓ Leikskólastjóri og einn deildarstjóri fóru á fyrirlestur hjá Rannung um fagmennsku leikskólakennara.
- ✓ Einn starfsmaður fór á framhaldsnámskeið í krakkajóga.

- ✓ Þrír starfsmenn fóru á ráðstefnuna „Við fáum að ráða nema þegar kennarar fá að ráða“, á degi leikskólans.
- ✓ Þrír starfsmenn fóru á Vinátturáðstefnu hjá Barnaheill.

6.2 Áætlun um símenntun í leikskólanum (áætlun um símenntun/fræðslu skal gera út frá áherslum úr umbótaáætlun, áherslum leikskólans og starfsþróunarsamtölum)

- ✓ Námskeið frá Barnaheill um vináttu.
- ✓ Stjórnendur sækja námskeið í stjórnun.
- ✓ Lubbi finnur málbein.
- ✓ Fyrirlestur um jafnrétti, lýðræði og mannréttindi barna frá SFS

6.3 Önnur fræðsla (t.d. námsferðir, ráðstefnur, málþing).

- ✓ Námsferð fyrirhuguð í maí 2019.

7 Foreldrasamvinna

- ✓ Í foreldraráði skulu sitja a.m.k. þrír fulltrúar. Síðastliðið skólaár hafa fulltrúar verið fimm og eru þeir kjörnir á aðalfundi foreldrafélags Jörfa í október hvert ár.
- ✓ Foreldrafundir eru einu sinni á ári á hverri deild í september. Þá er námsefni vetrarins og annað starf á viðkomandi deild kynnt fyrir foreldrum.
- ✓ Foreldrasamtöl eru tvisvar á ári og oftast ef þörf krefur. Þar eru lögð drög að einstaklingsáætlun viðkomandi barns.
- ✓ Foreldrafélag Jörfa er mjög virkt og það stendur fyrir alls konar upptökum fyrir börnin t.d. leiksyningum, sveitferð, jólaballi, sumarhátíð ofl.

8 Samstarf leik- og grunnskóla

Samstarf Jörfa og Breiðagerðisskóla hefur verið gott undanfarin ár.

- ✓ Elstu börnin (meistarar) heimsækja Breiðagerðisskóla og skólastjórnendur sýna þeim skólann.
- ✓ Heimsókn 1. bekkjar í Jörfa í október
- ✓ Nemendur 7. bekkjar koma í Jörfa og lesa fyrir börnin í tilefni af degi íslenskrar tungu.
- ✓ Meistarar í Jörfa heimsækja skólabókasafnið í Breiðagerðisskóla í desember.
- ✓ Nemendur 1. bekkjar koma á leiksyningar meistara Jörfa í febrúar.
- ✓ Meistarar hitta kennara 1. bekkjar í mars og vinna með þeim verkefni.
- ✓ Skilafundir vegna flutnings milli skólastiga eru í maí.

- **Samstarfsverkefni ef einhver eru. Nýjungar/breytingar ef einhverjar eru.**

Engin ný samstarfsverkefni urðu við Jörfa síðastliðinn vetur en áframhaldandi samstarf var við Tónskóla Sigursveins í tengslum við Barnamenningarhátíð og Félagsmiðstöðina í Hæðargarði.

Jörfi hefur verið í samstarfi við eftirtalda aðila í mörg ár:

Tónlistarskóla Sigursveins

- ✓ Í því felst að meistarar heimsækja tónlistarskólann, ásamt þátttöku í söngverki eftir íslensk tónskáld í Hörpu í upphafi Barnamenningarhátíðar.

Félagsmiðstöðin í Hæðargarði hefur verið í góðu samstarfi við Jörfa í mörg ár. Það samstarf hefur aðallega falist í:

- ✓ Sögustundum með „afa“/“ömmu“ einu sinni í mánuði. Börnin af eldri deildunum skiptast á að fara í litlum hópum í þjónustumiðstöðina og er tekið á móti þeim og lesið fyrir þau eða sögð saga.
- ✓ Samsöngur í tengslum við 17. Júní. Þá fara allir í Jörfa í skrúðgöngu og komið er við fyrir utan félagsmiðstöðina og allir syngja nokkur lög saman.
- ✓ Jólaball í félagsmiðstöðinni. Meisturum er boðið á jólaball félagsmiðstöðvarinnar. Þá skemmta allar kynslóðir sér saman við dans og söng og boðið er upp á heitt súkkulaði og smákökur.

9 Skipulagsdagar.

Skipulagsdagar í Jörfa eru sex og verða þeir:

- 14. september 2018
- 23.nóvember sameiginlegur 2018
- 21. janúar sameiginlegur 2018
- 19.mars sameiginlegur 2019
- 2.og 3.maí 2019

10 Fylgigögn

Meðfylgjandi er skóladagatal Jörfa fyrir skólaárið 2018-2019.

10.1 Matsgögn

10.2 Umsögn foreldraráðs

Meðfylgjandi er umsögn Foreldraráðs Jörfa um þessa áætlun.

F. h. leikskólans

Bergljót Jóhannsdóttir

2.júlí 2018

Leikskólastjóri

Dagsetning

Fylgirit með starfsáætlun

Umbótaáætlun 2018-2019

Tækifæri til umbóta	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Endurmat, hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð og hver framkvæmir	Hvaða aðferðir (fjölbreyttar) eru notaðar við gagnaöflun?	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiðum.
Einingakubbastarf með yngri börnum	Að börnin fari markvissara í einingakubba	Að hafa inni í skipulaginu á hverri deild	Sept-maí	Deildarstjórar	Deildarfundum og í endurmati í janúar og maí.	Að börnin séu færari í að meðhöndla og byggja úr einingakubbum
Útinám	Að fara markvisst í útinám í sept og apr	Að hafa inni í skipulaginu á hverri deild	September og apríl	Deildarstjórar og hópstjórar	Í maí 2019	Að börnin læri að tileinka sér útinám.
Lubbi finnur málbein	Að börnin læri að þekkja hljóð stafanna.	Að fá námskeið í leikskólann	September – maí.	Deildarstjórar	Í maí 2019	Að börnin þekki hljóðin.
Vináttuverkefnið Barnaheill	Að allir starfsmenn og börn þekki tilgang verkefnisins	Allir starfsmenn fari á námskeið	September – maí.	Stjórnendur leikskólans	Í maí 2019	Að allir þekki tilgang verkefnisins og tileinki sér vináttu

--	--	--	--	--	--	--

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2018 - 2019

Nafn skóla:

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚÁR		FEBRÚÁR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 M		1 L		1 M		1 F		1 L	Fúlveldisdagurinn	1 Þ	Nýársdagur	1 F		1 F		1 M	Blár dagur	1 M		1 L		1 M	
2 F		2 S		2 Þ		2 F		2 S		2 M		2 L		2 L		2 Þ		2 F	Skipulagsdagur	2 S	Sjómennadagurinn	2 Þ	
3 F		3 M		3 M		3 L		3 M		3 F		3 S		3 S		3 M		3 F	Skipulagsdagur	3 M		3 M	
4 L		4 Þ		4 F		4 S		4 Þ		4 F		4 M		4 M	Bolludagur	4 F		4 L	Barnamenningarhátíð	4 Þ		4 F	
5 S		5 M		5 F		5 M		5 M		5 L		5 Þ		5 Þ	Sprengidagur	5 F	Búningadagur	5 S	Barnamenningarhátíð	5 M		5 F	
6 M	Fridagur verslunamanna	6 F		6 L		6 Þ		6 F		6 S	Þrettándinn	6 M	Dagur leikskólans	6 M	Óskudagur	6 L		6 M		6 F		6 L	
7 Þ		7 F		7 S		7 M		7 F	Pjarkökumálin	7 M		7 F	Leikskólaráðstefnan	7 F		7 S		7 Þ		7 F		7 S	
8 M		8 L	Dagur læsis	8 M		8 F	Baráttudagur gegn einelti	8 L		8 Þ	Vasaljósdagur	8 F		8 F		8 M		8 M		8 L		8 M	
9 F	Jörfi opnar	9 S		9 Þ		9 F	Röndóttur Dagur	9 S		9 M		9 L		9 L		9 Þ		9 F		9 S	Hvítasunnudagur	9 Þ	
10 F		10 M		10 M		10 L		10 M		10 F		10 S		10 S		10 M		10 F		10 M	Annar í hvítasunnu	10 M	Sumarfrí
11 L		11 Þ		11 F		11 S		11 Þ		11 F		11 M		11 M	Foreldravöðal Laut	11 F		11 L		11 Þ	Þröttavika	11 F	
12 S		12 M		12 F	Bleikur dagur	12 M	Fjölmenningsvika	12 M		12 L		12 Þ		12 Þ	Foreldravöðal Laut	12 F	Gulur dagur	12 S		12 M		12 F	
13 M		13 F		13 L		13 Þ		13 F	Jólaball og jólamatur	13 S		13 M		13 M	Foreldravöðal Holt	13 L		13 M		13 F		13 L	
14 Þ		14 F	Skipulagsd-Jörfi afmæli	14 S		14 M		14 F		14 M		14 F		14 F	Foreldravöðal Holt	14 S	Pálmasunnudagur	14 Þ		14 F	Skrúðganga	14 S	
15 M		15 L		15 M	Foreldravöðal Laut	15 F		15 L		15 Þ		15 F	Konukaffi	15 F		15 M		15 M		15 L		15 M	
16 F		16 S	Dagur íslenskrar náttúru	16 Þ	Foreldrav Laut/Áðall for fél	16 F	Dagur ísl.tungu/ömmu & afak	16 S		16 M		16 L		16 L		16 Þ		16 F		16 S		16 Þ	
17 F		17 M		17 M	Foreldravöðal Holt	17 L		17 M		17 F		17 S	Konudagur	17 S		17 M		17 F		17 M	Lýðveldisdagurinn	17 M	
18 L		18 Þ	Grænn dagur	18 F	Foreldravöðal Holt	18 S		18 Þ		18 F		18 M		18 M		18 F	Skírdagur	18 L		18 Þ		18 F	
19 S		19 M		19 F		19 M		19 M		19 L		19 Þ		19 Þ	Skipulagsdagur	19 F	Föstudagurinn langi	19 S		19 M		19 F	
20 M		20 F		20 L		20 Þ	Dagur mannréttinda barna	20 F	Rauður dagur	20 S		20 M		20 M	Foreldravöðal Lundur	20 L		20 M		20 F		20 L	
21 Þ		21 F		21 S		21 M		21 F		21 M	Skipulagsdagur	21 F	Alþjóðardagur móðurmálsins	21 F	Foreldravöðal Lundur	21 S	Páskadagur	21 Þ		21 F		21 S	
22 M		22 L		22 M	Foreldravöðal Sel	22 F		22 L		22 Þ		22 F		22 F		22 M	Annar í páskum	22 M		22 L		22 M	
23 F		23 S		23 Þ	Foreldravöðal Sel	23 F	Skipulagsdagur	23 S	Þorláksmessa	23 M		23 L		23 L		23 Þ		23 F		23 S		23 Þ	
24 F		24 M	Vetrarst.kynnt Sel,Laut,Holt	24 M	Foreldravöðal Lundur	24 L		24 M	Aðfangadagur jóla	24 F		24 S		24 S		24 M		24 F		24 M		24 M	
25 L		25 Þ	Vetrarst.kynnt Lundur -Hlíð	25 F	Foreldravöðal Lundur	25 S		25 Þ	Jóladagur	25 F	Bóndadagur-Karlakaffi	25 M		25 M	Foreldravöðal Hlíð	25 F	Sumardagurinn fyrsti Umhverfisdagur	25 L		25 Þ		25 F	
26 S		26 M		26 F	Náttfataball/Bangsadagur	26 M		26 M	Annar í jólum	26 L		26 Þ		26 Þ	Foreldravöðal Hlíð	26 F		26 S		26 M		26 F	
27 M		27 F		27 L	Fyrsti vetrardagur Alþjóðlegi bangsadagurinn	27 Þ		27 F		27 S		27 M		27 M		27 L		27 M		27 F		27 L	
28 Þ		28 F		28 S		28 M		28 F		28 M		28 F		28 F		28 S		28 Þ		28 F		28 S	
29 M		29 L		29 M	Foreldravöðal Hlíð	29 F		29 L		29 Þ				29 F		29 M		29 M		29 L		29 M	
30 F		30 S		30 Þ	Foreldravöðal Hlíð	30 F		30 S		30 M				30 L		30 Þ	Barnamenningarhátíð	30 F	Uppstigningardagur	30 S		30 Þ	
31 F				31 M				31 M	Gamlársdagur	31 F				31 S				31 F				31 M	

Starfsáætlun 2018 – 2019

Leikskólinn Jörfi

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Ólöf Heiða Guðmundsdóttir, formaður

Hafdís Huld Björnsdóttir

Sif Björk Birgisdóttir

Helga Valdís Cosser

Ásta Valgerðardóttir

I.

Inngangur

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Á grundvelli framangreinds er þessi umsögn veitt leikskólanum um starfsáætlun og umbótaáætlun Jörfa fyrir leikskólaárið 2018-2019.

II.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð leikskólans lýsir yfir almennri ánægju sinni með starfsáætlun Jörfa fyrir leikskólaárið 2018-2019. Að mati ráðsins sýnir áætlunin merki um metnaðarfulla, skynsamlega og faglega vinnu.

Leikskólinn hefur að leiðarljósi gildin **leikur, gleði og virðing** og endurspeglast þau gildi vel í áætlun skólaársins og vill ráðið lýsa yfir ánægju sinni með þessi gildi. Starfsáætlunin lýsir starfsemi leikskólans vel og þeim markmiðum, áherslum og leiðum sem unnið er eftir.

Umbætur hafa verið gerðar á starfsáætluninni frá fyrri árum og að mati foreldraráðs er til góðs og viðeigandi að umbótaáætlun sé gerð fyrir hverja deild enda er aldur og þroski barnanna mismunandi. Í starfsáætluninni eru ekki lengur aðgengilegar upplýsingar um starfsmannamál, það er um fjölda og samsetningu starfsmannahópsins. Að mati foreldraráðsins er mikilvægt að slíkar upplýsingar séu aðgengilegar almenningi. Að mati foreldraráðs er mikilvægt að allir aðilar tengdir leikskólanum Jörfa leggi sitt af mörkum til að viðhalda góðu orðspori og búa þannig í hagginn að Jörfi verði eftirsóttur valkostur fyrir fagmenntað og gott starfsfólk.

Foreldraráðið er sérstaklega ánægt með nýja Facebook síðu leikskólans en heimasíða leikskólans hefur meira og minna legið niðri síðasta árið. Að mati foreldraráðsins er það einn liður í því að efla orðspor leikskólans og stuðla að því að skólinn sé eftirsóttur valkostur fyrir börn sem og starfsfólk og er auk þess góður vettvangur til þess að koma upplýsingum til foreldra.

Foreldraráð lýsir yfir ánægju sinni með samstarf leikskólans við Breiðagerðisskóla. Góð samvinna er með skólahóp leikskólans og fá börnin góða aðlögun að skólanum. Ennfremur er gott að samræmi sé milli starfsdaga skólanna tveggja þegar svo er unnt svo börn/systkini á báðum skólastigum séu í fríi á sömu dögum.

III.
Lokaorð

Á heildina litið telur foreldraráð að áætlunin sé vel unnin og lýsi vel því starfi sem fram fer inn á leikskólanum. Foreldraráðið telur þó að lengi megi gott bæta og vill að því sögðu leggja áherslu á að við finnum leiðir til þess að gera Jörfa eftirsóknarverðan valkost fyrir fagmenntaða leikskólakennara. Eins að stuðla að meiri stöðugleika í starfsmannamálum og að bættum kjörum fyrir starfsfólk.

Reykjavík, 8. júlí 2018,

Foreldraráð Jörfa


Ólöf Heiða Guðmundsdóttir, formaður

Hafdís Huld Björnsdóttir

Helga Valdís Cosser

Sif Björk Birgisdóttir

Ásta Valgerðardóttir